

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Stendur starfsendurhæfingu.

1. gr.

Heimili og varnarþing.

Stendur starfsendurhæfing er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing hennar er í Hafnarfirði. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. gr.

Stofnaðilar.

Stofnendur Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar, hér eftir Stendur starfsendurhæfing, eru: Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, Sjúkraþjálfarinn ehf., kt. 510191-1539, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, kt. 700672-0939, og Verkalýðsfélagið Hlíf, kt. 620169-3319, sem því til staðfestu undirrita skipulagsskrá þessa. Fjárhagslegar skuldbindingar Stendur starfsendurhæfingar eru stofnendum óviðkomandi umfram stofnframlag.

Stofnfé Stendur starfsendurhæfingar er 1.100.000 kr. þar af óskerðanlegt stofnfé 1.000.000 kr. að raungildi. Framlag skiptist þannig milli stofnfélaga: 400.000 kr. lagt fram af hálfu Hafnarfjarðarkaupstaðar, 400.000 kr. af hálfu Verkalýðsfélagsins Hlíf, 200.000 kr. af hálfu Starfsmannafélags Hafnarfjarðar og 100.000 kr. af hálfu Sjúkraþjálfarans ehf.

3. gr.

Markmið.

Markmið Stendur starfsendurhæfingar er eftirfarandi:

Að endurhæfa þátttakendur út í vinnu.

Að auka lífsgæði þátttakanda.

Að auka lífsgæði fjölskyldu hans.

Að þátttakandi fari í atvinnu að endurhæfingu lokinni og/eða í áframhaldi nám.

Að endurhæfing fari fram í heimabyggð.

Boðið er upp á heildstæða úrlausn á vanda hvers þátttakanda eins og kostur er á. Boðið er upp á námstengda endurhæfingu í samvinnu við menntastofnanir auk þess sem náð samstarf verður við atvinnulífið. Þátttakandinn er sjálfur virkur í sinni endurhæfingu frá upphafi þar sem hann kemur með virkum hætti að gerð sinnar endurhæfingaráætlunar.

4. gr.

Stjórn.

Stjórn Stendur starfsendurhæfingar er kosin á ársfundi og er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara. Þeir eru tilnefndir af stofnendum. Stjórnin er kosin til tveggja ára, þó þannig að tveir fulltrúar eru kosnir annað árið og þrír hitt árið. Á fyrsta ársfundi skulu kosnir tveir stjórnarmenn til eins árs og þrír til tveggja ára. Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður kveður til stjórnarfunda og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra. Einfaldur meirihluti gildir á stjórnarfundum. Framkvæmdastjóri situr að jafnaði stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Starfshættir stjórnar.

Stjórn Stendur starfsendurhæfingar ber að vinna að markmiðum stofnunarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar. Stjórnin ákveður meginþætti í stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar og setur sér og miðstöðinni starfsreglur. Boða skal stjórnarfundum með tryggilegum hætti. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef málefnið varðar hann persónulega.

6. gr.

Ársfundur.

Stjórnin skal kalla stofnaðila saman til ársfundar eigi síðar en í maílok ár hvert. Þar skal stjórn Stendur starfsendurhæfingar gera grein fyrir starfi hennar og leggja fram endurskoðaða ársreikninga til samþykktar. Þar skal einnig fara fram kosning stjórnarfulltrúa og löggilts endurskoðanda. Á ársfundi hefur hver stjórnarmaður eitt atkvæði og gildir einfaldur meirihluti nema varðandi breytingar á skipulagsskrá, sbr. 11. gr. Ársfundur skal boðaður skriflega með viku fyrirvara. Tillagna um breytingar á skipulagsskrá Stendur starfsendurhæfingar skal getið sérstaklega í fundarboði.

7. gr.

Framkvæmdastjóri.

Stjórn Stendur starfsendurhæfingar ræður framkvæmdastjóra og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar. Hann annast daglegan rekstur, ræður starfsfólk stofnunarinnar, vinnur að fjáröflun og annast reikningsskil. Framkvæmdastjóri undirbýr fjárhagsáætlun næsta starfsárs, sem skal lögð fyrir stjórnina í nóvember ár hvert.

8. gr.

Tekjur.

Tekjur Stendur starfsendurhæfingar, auk vaxta af stofnframlagi, eru frjáls framlög frá ríki, sveitarfélögum, samtökum, fyrirtækjum og einstaklingum og tekjur af þjónustu.

9. gr.

Samstarf við aðra aðila.

Til þess að Stendur starfsendurhæfing geti náð megintilgangi sínum er stjórninni heimilt fyrir hönd miðstöðvarinnar að eiga samstarf við aðra og gerast í því skyni aðili að samstarfssamningi um lengri eða skemmri tíma.

10. gr.

Reikningsskil og endurskoðun.

Reikningsár Stendur starfsendurhæfingar er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Framkvæmdastjóri skal eigi síðar en í lok marsmánaðar leggja fram eftirtalin gögn fyrir stjórn miðstöðvarinnar til afgreiðslu:

Skýrslu um starfsemi síðasta starfsárs.

Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs.

Reikningar Stendur starfsendurhæfingar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem valinn er af stjórn. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir til sýslumannsins á Vestfjörðum eigi síðar en 31. ágúst ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

11. gr.

Breytingar á skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt ef 2/3 stjórnarmanna á ársfundi samþykkir slíkar breytingar enda sé fundur lögmætur og tillaga um slíkt hafí verið kynnt sérstaklega í fundarboði.

12. gr.

Slit á Stendur starfsendurhæfingu.

Starfsemi Stendur starfsendurhæfingar verður slitið með ákvörðun 2/3 stjórnarmanna á ársfundi. Verði starfsemi Stendur starfsendurhæfingar hætt og starfsendurhæfingin lögð niður skal eignum hennar ráðstafað í samræmi við markmið stofnunarinnar.

13. gr.

Reikningshald.

Um reikningshald fer að lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988. Fyrsta reikningstímabil er frá 1. september 2008 til 31. desember 2008.

14. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Vestfjörðum á skipulagsskrá þessari, sem og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni. Við staðfestingu á skipulagsskrá þessari fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar, nr. 1008/2008.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 19. nóvember 2025.

Thelma Dögg Theodórsdóttir.

Helga Haraldsdóttir.